Ágætu kirkjugestir

Gleðilega hátíð og til hamingju með daginn

Þrútið var loft og þungur sjór,
þokudrungað vor.
Það var hann Eggert Ólafsson,
hann ýtti frá kaldri Skor

Svo kvað séra Matthías Jochumson um sveitunga sinn Eggert Ólafsson. Það segir meira en mörg orð um þann harm sem íslensk þjóð varð fyrir við fráfall hans að erfiljóðið yrkir Matthías heilli öld eftir að Eggert drukknaði í Breiðafirði ásamt konu sinni Ingibjörgu þann 30. maí 1768. Eggert var aðeins 41 árs en hafði á stuttri ævi sinni áunnið sér traust og virðingu þjóðar sinnar sem missti þar sinn landsmann sem á þeim tíma þótti líklegastur maður til gagns og sóma sínu föðurlandi – eins og mágur hans Björn í Sauðlauksdal ritaði í eftirmæli um hann.

Ástæða þess að ég ákvað að leggja út frá kveðskap Matthíasar er andinn í þjóðfélaginu sem mér finnst fyrstu tvö vísuorðin skírskota til.

Þrútið var loft og þungur sjór,
þokudrungað vor.

Ekki aðeins að það eigi við veðrið á þessum sjómannadagsmorgni heldur er það drunginn sem mér finnst hvíla yfir þjóðfélagi voru. Að nýloknum kosningum er ljóst að tvö ólík öfl eru nokkurn vegin hnífjöfn að takast á um völdin. Önnur eru á hægri hlið stjórnmál-anna en hin eru á þeirri vinstri. Það er sameiginlegt þeim báðum að reyna að vinna eins vel úr heitstrengingum sem þau gáfu í kosningabaráttunni og þeim er unnt.

Í þjóðlífinu hefur það komið skýrt fram að launþegar eru óánægðir með kjör sín. Deilur á vinnumarkaðinum sem endað hafa með verkföllum og í þeim tilfellum hafa samningar verið undirritaðir sem gefa töluvert meiri launahækkanir heldur en samkomulag verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins kváðu á um. Hætt er við að það leiði til tortryggni hjá verkalýðshreyfingunni og gæti leitt til hatrammra átaka um næstu áramót, en samningur þeirra var til eins árs.

Langt er í land með að þjóðin hafi jafnað sig af efnahagshruninu mikla í október 2008. Atvinnuleysi er enn mikið og kaupmáttur launa töluvert lægri en í öðrum löndum Evrópu.

Þegar ég undirbjó mig fyrir þessa ræðu gerði einbeitingaskortur vart við sig og þá eins og gjarnan hentist ég á síður dagblaðanna þriggja -. Ein frétt fangaði athygli mína fram yfir aðrar þar var fyrirsögnin

„Ein eftirsjá: Vann of mikið“

Hver kannast ekki við að hitta kunningja eða vini og spyrja:

„Hvað er að frétta?

Allt ágætt – maður hefur bara alltof mikið að gera í vinnunni.“

Eftir að hafa hlustað á íþróttaálfinn Magnús Scheving kveðja tveggja áratuga starf – „Ein eftirsjá“ - varð ég töluvert hugsi:
Í síðdegisútvarpi Rásar 2 sl. föstudag sagði Magnús:

> „Ég vildi að ég hefði ekki unnið svona mikið, þannig að ef einhver er þarna úti sem vinnur mjög mikið, það er ekki þess virði, þannig að ég mundi segja: Borðaðu heima – vertu með fjölskyldunni“.

Rétt er að hugleiða orð Magnúsar og spyrja: Er vinnan enn að heltaka fólk?

Á gamla góða máltækið ekki lengur við: „Vinnan göfgar manninn.“

- Erum við að missa ráð og rænu vegna of mikillar vinnu?
- Náum við ekki að rækta garðinn okkar nægjanlega vegna of mikillar vinnu?
- Getum við sem höfum haft þau forréttindi að hafa alltaf næga vinnu minnkað við okkur? Við sem höfum geta gengið í vinnu jafnvel frá barnsaldri.
- Er komið að okkur að skapa rými fyrir unga fólkið sem er án atvinnu þrátt fyrir menntun og hæfileika?

Tvær síðastu spurningarnar ganga að vísu þvert á það sem við höfum heyrt frá forsvarsmönnum í atvinnulífinu og forystumönnum lífeyrissjóðanna að hækka þurfti eftirlaunaaldur og aldur til töku lífeyris, þannig að lífeyrissjóðir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Það sem hér hefur verið sagt ber þess glögg merki að Íslendingar eru að ganga í gegnum gríðarlegar breytingar. Ekki einungis í þessum þáttum heldur nánast á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Efni ræðunnar ber þess kannski einnig merki – sjónarmið sem ekki eru algeng að rædd séu í kirkjum landsins.

Sjómenn eiga sinn dag. Hann er fyrsti sunnudagur í júní ár hvert og hefur verið haldinn hátíðlegur frá því 1938. Dagurinn í dag er því sá 77 í samfeldri sögu sjómannadagsins.

Í upphafi sögunnar lögðu sjómenn ekki megináherslu á að dagurinn þeirra yrði almennur frídagur sjómanna, enda var lífsbaráttan lengst af svo hörð að enga stund mátti missa frá því að afla sér lífsviðurværis.

1987 varð sjómannadagurinn viðurkenndur með lögum frá Alþingi. Þar var kveðið skýrt á um að sjómannadagurinn væri frídagur sjómanna. Öll fiskiskip skuli í höfn í a.m.k. tvo sólarhringa.

Gríðarleg framþróun hefur orðið í skipum á þeim tíma sem liðinn er frá upphafi sjómannadagsins. Nú er það svo að stærstu skip fara í raun út í nánast öllum veðrum. Þá býður kvótinn líka upp á að hægt er að stjórna því nokkuð hvenær veitt er, freistandi er að veiða þegar framboð er lítið en slíkt er jafnan fylgifiskur af slæmu veðri.

Í upphafi sjómannadagsins voru skipin ekki upp á marga fiska. Þá tóku langar brælur mikið í lífsafkomu fólks við sjávarsíðuna. Mikilvægt var að nýta hvern einasta dag þegar veður lægði. Bæri hann upp á sjómannadag hafði fólk skilning á að menn færu á sjó.

Á þeim tíma gátu menn ekki stuðst við annað en útvarpið og sitt innsæi varðandi veðurspár. Í dag höfum við ótal tæki og tól til að sjá út hvernig veður verður á miðununum og getum jafnvel séð með nokkurri vissu viku fram í tímann. Sjómenn geta flett upp í tölvunni og séð ölduhæðina á duflum sem staðsett eru útifyrir. Ákveðin viðmiðun segir þeim hvort óhætt sé að fara á sjó eða ekki. Sá tími er liðinn að menn gengu upp á hól og tóku ákvörðun. Nei við förum ekki í dag. Sú ákvörðun stóð kannski ekki lengur en nokkrar mínútur – eða þar til fyrsti báturinn sigldi út og auðvitað allir hinir á eftir.

Þessir tveir þættir eru ráðandi þegar metið er hvers vegna öryggi til sjós hefur aukist á undanförnum áratugum. Dæmi þar um er 40 ára tímabil. 1971 – 1980 fórust 203 sjómenn, 2001 – 2010 var fjöldi þeirra sem fórst 21.

En aftur til þess tíma sem við skulum ekki gleyma. Aftur til þess tíma sem Eggert Ólafsson bóndasonur úr Svefneyjum á Breiðafirði sem numið hafði náttúruvísindi við Hafnarháskóla sigldi frá Skor. Í lesbók Morgunblaðsins 3. desember 1926 segir eftirfrandi:

> „Þennan 30. maí gjörði allra mesta stórviðri og ósjó á Breiðafirði og var hvorttveggja að vaxa allt fram um miðjan aftan. Þóttust gamlir menn eigi hafa séð svo mikið hafrót; en það bjargaði fiskibátum sem róið höfðu að snúa strax aftur og vera komnir til lands fyrir dagmál."

Hækkið þið seglin hetjan kvað,
En Helja skjótari varð.
Boðinn skall yfir bárurnar –
í búlkann var komið skarð

Takk fyrir og gleðilega sjómannadagshátíð

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda

ræða flutt í Grafarvogskirkju
á sjómannadeginum 1. júní 2014